



MAENA ÓSKAÐ EFTIR GREINUM

MÆNA – TÍMARIT HÖNNUNAR- OG ARKITEKTÚRDEILDAR LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

ÓSKAÐ EFTIR INNSENDUM GREINUM

Óskað er eftir innsendum greinum vegna næstu útgáfu tímaritsins *Mænu*. *Mæna* er tímarit hönnunar- og arkitektúrdeildar, gefið út bæði í prentaðri og rafrænni útgáfu af Listaháskóla Íslands. Frá árinu 2016 hefur allur texti í *Mænu* verið hvoru tveggja á íslensku og ensku.

Mæna: *Trans*- verður gefin út vorið 2019.

Skilafrestur á greinum er 1. september 2018.

Staðfestingu á þáttöku og lýsingu á grein skal skila inn til ritstjóra
15. ágúst 2018 (ritstjóri: Marteinn, marteinnsindri@lhi.is)

Frekari upplýsingar hér að neðan

MÆNA 2019

Þema: Trans

Enska orðið „trans“ afmarkar þema tímaritsins 2019. Orðið getur hver og einn túlkað á sinn hátt. Orðið er gjarnan notað sem forskeyti á ensku um til dæmis aðgerðir sem fara þverrt á e-ð eða í gegnum e-ð. Orðið getur því tengst breytingum og umbreytingum (e. transformation, transposition...), ferðalögum (e. transfer, transport, Trans-Siberian), breytileika kynvitundar (transgender, transvestite...), helgisiðum þar sem breytingar verða á til dæmis stöðu fólks (trance, transgression...), þýðingum og tungumálum (translating...), miðlunarleiðum, lífi og dauða – svo eitthvað sé nefnt. Nemendur munu þá einnig styðjast við þemað í sinni hönnunarvinnu.

Ritsjórn

Marteinn Sindri Jónsson, *aðjúnkt á fagsviði fræða*.

Lóa Auðunsdóttir, *aðjúnkt í grafískri hönnun*.

Birna Geirfinnsdóttir, *lektor og fagstjóri í grafískri hönnun*.

Sam Rees, *aðjúnkt í grafískri hönnun*.

Þýðingar

Marteinn Sindri Jónsson og Sam Rees.

VIÐMIÐ

Greinar skulu fylgja eftirfarandi viðmiðum:

Rannsóknargrein (2000–3000 orð)

Greinar þar sem greint er frá ákveðnum rannsóknarverkefnum, viðfangsefnum rannsóknar, aðferðafræði og niðurstöðum.

Notast er við fræðileg vinnubrögð.

Umfjöllun (1500–2000 orð)

Tiltekið viðfangsefni tekið fyrir og rætt. Vangaveltur höfundar eða umfjöllun um eigin verk eða annarra – oft stutt með myndefni.

Notast skal við fræðileg vinnubrögð ef þess þarf. Getur einnig verið viðtal.

Verk (300–1000 orð)

Umfjöllun um verk þar sem verkið er sett í samfélagslegt, menningarlegt, hönnunarfræðilegt eða listrænt samhengi – stutt með myndum. Notast skal við fræðileg vinnubrögð ef þess þarf.

Einnig má skila inn efni í formi mynda, myndlýsinga eða teiknimynda.

Allar greinar ættu að innihalda í það minnsta 80% upprunalegt efni og ættu ekki að hafa komið út annarsstaðar.

Skilafrestur á innsendum greinum er 1. september 2018 (fyrsta uppkast). Mikilvægt er að senda ritstjóra lýsingu á grein og staðfestingu á þátttöku fyrir 1. ágúst 2018.

Tölvupóstur: marteinnsindri@lhi.is

Innsent efni ætti að innihalda texta ásamt myndum (þar sem fram kemur leyfi fyrir birtingu og myndatextar ef þess þarf). Gætið þess að vísa í heimildir þegar við á, til dæmis með neðanmálgreinum. Ritstjórar aðstoða höfunda við frágang heimildaskráningar.

Tölvupóstur: marteinnsindri@lhi.is

Vinsamlegast hafið samband ef þörf er á frekari upplýsingum.

Val á greinum

Við val á greinum verður horft til þess hvort grein eða skýrsla sé nægilega vel uppbyggð, og hvort viðeigandi sé að gefa hana út í næsta tölublaði *Mænu*. Sé það niðurstaða ritstjórnar mun höfundur fá greinina til baka með athugasemdum eða breytingartillögum – ef einhverjar eru.

maena.is

www.facebook.com/is.maena?fref=ts